



VSÓ RÁÐGJÖF



AÐALSKIPULAG SKAGAFJARÐAR 2020-2035 BREYTING – SAUÐÁRKRÓKSHÖFN (H-401)

Ágúst 2024



Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Forsendur	1
2.1	Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020 – 2035	1
3	Viðfangsefni aðalskipulagsbreytingar	2
3.1	Breytingar á greinargerð	2
4	Umhverfismat	2
4.1	Matsskylda	2
4.2	Tengsl við aðrar áætlanir	2
4.2.1	Valkostir	2
4.3	Umhverfisáhrif – niðurstöður	3
5	Kynning og samráð	3
5.1	Samráð	3
5.2	Umsagnaraðilar	3
5.3	Verkferli	3

1 Inngangur

Skagafjörður vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020 – 2035 vegna aukins byggingarmagns innan hafnarsvæðis Sauðárkrókshafnar.


Breytingin hefur verið auglýst í samræmi við 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2 Forsendur

2.1 Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020 – 2035

Hafnarsvæðið H-401 á Sauðárkróki er stærsta hafnarsvæðið í Skagafirði. Áform hafa verið uppi að styðja og styrkja enn betur við atvinnustarfsemi á hafnarsvæðinu í samræmi við hugmyndir sem hafa verið kynntar í deiliskipulagsáætlun fyrir svæðið. Þess vegna er gerð tillaga um breytingu á aðalskipulagi sem nær til aukins byggingarmagns.

- **Hafnir H-401, Sauðárkróki**



Mynd 2-1 Hluti þéttbýlisuppdráttar Sauðárkróks í Aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035, H-401.

3 Viðfangsefni aðalskipulagsbreytingar

Í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035, kafla 4.9 Hafnir (H-401), er sett fram stefna um höfnina á Sauðárkróki. Þar kemur meðal annars fram sú stefna fyrir hafnarsvæðið að „Fyrirtæki á hafnarsvæðinu í fiskvinnslu, flutninga- og ferðaþjónustu hafi möguleika til að vaxa og dafna, að höfnin sé ákjósanlegur möguleiki fyrir flutningaskip og tengingu við gamla bæinn sé góð.“

Með auknu byggingarmagni innan hafnarsvæðisins er veitt það svigrúm sem þarf til stækkunar og eflingar á hafnarsvæðinu.

3.1 Breytingar á greinargerð

Gildandi aðalskipulag:

4.9 Hafnir (H-401)

Tafla 4.7 Sauðárkrókhöfn og byggingarmagn (m²)

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Núverandi (m ²)	Leyfilegt (m ²)
H-401	Sauðárkrókhöfn	32	25.000	45.000

Eftir breytingu:

Tafla 4.7 Sauðárkrókhöfn og byggingarmagn (m²)

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Núverandi (m ²)	Leyfilegt (m ²)
H-401	Sauðárkrókhöfn	32	29.282	73.500

4 Umhverfismat

4.1 Matsskylda

Breyting á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og skipulagslög nr. 123/2010. Umhverfismat tillögu að breytingu aðalskipulagsins tekur mið af nákvæmni og efnistökm aðalskipulags. Nánar er gerð grein fyrir umhverfisáhrifum í deiliskipulagstillögum á hafnarsvæðinu.

4.2 Tengsl við aðrar áætlanir

Horft er til megin markmiða Aðalskipulags Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035. Aðrar áætlanir og stefnuskjöl sem höfð er til hliðsjónar við umhverfismatið eru:

- Landskipulagsstefna
 - Leiðarljós: Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun. Að skipulag byggðar og landnotkun styðji við samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.
- Umhverfisstefna Skagafjarðar

4.2.1 Valkostir

Umhverfismatið skoðar áhrif breytingartillögu og til samanburðar áhrif framfylgdar óbreyttrar stefnu aðalskipulags.



4.3 Umhverfisáhrif – niðurstöður

Niðurstöður umhverfismatsins er að aukið byggingarmagn á hafnarsvæðinu muni hafa óveruleg áhrif á umhverfið. Jákvæð áhrif felast í aukinni uppbyggingu á svæðinu, m.a. vegna aukinnar atvinnu og möguleika á fjölbreyttari störfum. Umferð kann að aukast um svæðið og til og frá hafnarsvæðinu.

5 Kynning og samráð

5.1 Samráð

Samráð og kynningar fyrir almenning, íbúa og helstu umsagnaraðila verða í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Kynnt verður vinnslutillaga og eftir yfirferð Skipulagsstofnunar er breytingartillaga auglýst og öllum aðgengileg á Skipulagsgáttinni.

Öll skipulagsgögn, þ.e. (1) lýsing skipulagsverkefnis, (2) tillaga á vinnslustigi og drög að umhverfisskýrslu, (3) tillaga að aðalskipulagsbreytingu og umhverfismati verða aðgengileg á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar á www.skipulagsgatt.is og heimasíðu sveitarfélagsins skagafjordur.is.

5.2 Umsagnaraðilar

Óskað verður eftir umsögnum eftirtalinna aðila um auglýsta breytingartillögu ásamt umhverfismatsskýrslu hennar.

- Skipulagsstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra
- Vegagerðin
- Umhverfisstofnun
- Skagafjarðarveitur

5.3 Verkferli

Skipulagsferlið skiptist í megin verkþætti, sem eru:

1. Lýsing skipulagsverkefnis er til kynningar: Mars – apríl 2024
2. Breytingartillaga, forsendur og umhverfismat – kynning á vinnslustigi: Júní 2024
3. Breytingartillaga til auglýsingar: Ágúst 2024
4. Aðalskipulagsbreyting staðfest af Skipulagsstofnun og gildistaka: Maí 2025

Samþykkt og staðfesting

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 36. Skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn

þann 08.04.2025

Sæunn Kolbrún Þorólfsdóttir



Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun

þann 9.10.2025

